

Sp.

9. Beiðni um skýrslu

frá samgönguráðherra um málefni Flugleiða.

Frá Benedikt Gröndal, Vilmundi Gylfasyni, Árna Gunnarssyni, Kjartani Jóhannssyni, Eiði Guðnasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Karvel Pálmasyri, Karli Steinari Guðnasyni, Magnúsi H. Magnússyni og Sighvati Björgvinssyni.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því, að samgönguráðherra flytji Alþingi skýrslu um málefni Flugleiða.

Við óskum þess, að í skýrslunni verði veittar allar upplýsingar, sem ríkisstjórnin hefur undir höndum um eignastöðu félagsins, rekstrarafkomu og önnur fjárhagsleg málefni þess, og jafnframt að greint verði frá öllum afskiptum ríkisstjórnarinnar af Flugleiðamálinu, þar á meðal hverjar þær skuldbindingar eru, sem ríkisstjórnin kann að hafa undirgengist eða hyggst undirgangast gagnvart félaginu, og hvaða skilyrði kunna að vera sett í því sambandi.

Þess er óskað, að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 10. október 1980.

Benedikt Gröndal, Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson, Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Karl Steinar Guðnason, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Greinargerð.

Á fundi þingflokks Alþýðuflokksins, sem haldinn var þriðjudaginn 30. september s.l., var samþykkt að þingflokkurinn skyldi með stöð í 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óska eftir því við samgönguráðherra, að hann flytji Alþingi skýrslu um málefni Flugleiða. Með bréfi, dags. 1. október s.l., var samgönguráðherra tilkynnt þessi samþykkt þingflokksins og þess getið, hvaða upplýsingar þingflokkurinn mundi óska eftir að skýrslan fæli í sér og að skýrslubeiðnin mundi verða flutt þegar í upphafi þings. Jafnframt var þess getið í bréfinu til samgönguráðherra, að þingflokkur Alþýðuflokksins teldi að umræður á Alþingi um málefni Flugleiða ættu að biða þar til umbeiðin skýrsla hefði verið flutt, enda yrði ekki um að ræða óeðli- legar tafir á skýrslugjöfni.

Ástæðulaust er að rökstyðja með mörgum orðum beiðnina um að ríkisstjórnin gefi Alþingi fullnaðarskýrslu um svonefnt Flugleiðamál, svo augljós er sú nauðsyn. Öllum landsmönnum eru kunn mörg aðalatriði málsins sem varðar framtíð flugrekstrar frá Íslandi, hag þjóðarheildarinnar og afkomu heilla atvinnustétta. Á það hefur hins vegar mjög skort að fullnaðarupplýsingar hafi verið veittar um málið og þá fyrst og fremst um afskipti ríkisstjórnarinnar af Flugleiðamálinu, og hafa sumir trúnaðarmenn ríkisstjórnarinnar þar tekið að sér hlutverk sem þeim var alls ekki ætlað.

Án þess að frekar sé farið út í þá sálma er ljóst, að full ástæða er til að ríkisstjórnin sjálf greini Alþingi og almennungi í landinu frá öllum atriðum Flugleiðamálsins í opinberri skýrslu svo fram komi hverjar eru staðreyndir málsins, hver hafa verið afskipti ríkisstjórnarinnar af því, hvaða skuldbindingar menn hafa undirgengist og þá gegn hvaða skilyrðum, og hvaða stefnu ríkisstjórnin hefur í málinu. Er nauðsynlegt að slíkt liggi fyrir áður en fjallað verður um einstaka þætti málsins á Alþingi, en ráðherrar í ríkisstjórninni og ríkisstjórnin sjálf hafa lýst því yfir, að til þess muni koma.